

## Stórar skriður sem fallið hafa frá miðri síðustu öld

Í töflunni eru efnismestu skriðurnar taldar upp í tímaröð, óháð því hvort þær ollu tjóni eða ekki. *(Tekið saman af Halldóri G Péturssyni á Náttúrufræðistofnun Íslands).*

Mánuður og ár	Staðsetning	Líkleg orsök	Áætlað rúmmál í millj. m <sup>3</sup>
júní 1959	Hestahraun, Þorvaldsdal í Eyjafirði	Miklar rigningar	1
jan. 1967	Innstíhaus við Steinholt sjökul, Eyjafjallajökli	Óstöðug hlíð við skriðjökul	15
ág. 1976	Gerpisafrétt, austan við Norðfjörð	Ekki vitað. Framhlaup úr lausum jarðlögum út í sjó	0,3
apr. 1989	Bolabás, Reynisfjalli við Vík í Mýrdal	Undangröftur sjávar	1
maí 1994	Nautabúsdalur í Hjaltadal, Skagafirði	Miklar rigningar og leysingar	0,3–0,4
júní 1995	Naustavík/Náttfaravíkur við Skjálfanda	Miklar leysingar, vatnssöfnun á mörkum berggrunns og lausra jarðlaga	1,2
júní 1995	Þormóðsstaðir í Sölvadal í Eyjafirði	Miklar leysingar, vatnssöfnun í fornt berghlaupsset	0,6–0,8
mars 2007	Morsárjökull	Óstöðug hlíð við skriðjökul	4–4,5
apr. 2007	Stóra-Selfjall í Múladal/Geithellnadal í Álftafirði	Ekki vitað - mögulega bráðnun sífrera	1,2
maí/júní 2011	Dýjafjall í Fagradal, Vopnafirði	Rigningar og leysingar	0,2–0,3
okt. 2011	Torfufell, Eyjafjörður	Langvarandi rigningar og sífreri var í skriðunni	0,8–1
sept. 2012	Móafellshyrna, Stífla í Fljótum	Miklar rigningar, mögulega jarðskjálfti, og sífreri var í skriðunni	0,3–0,5
feb. 2013	Svínafellsjökull	Óstöðug hlíð við skriðjökul, miklar rigningar	5,4
júlí 2014	Árnestindur, Trékyllisvík á Ströndum	Nokkurra daga mikil rigning á undan, sífreri var í skriðunni	0,3
júlí 2014	Askja	Leysingar. Brotsárið tengist sprungum öskjunnar	20
sep. 2017	Hamarsfjörður	Miklar rigningar	0,8–1
júlí 2018	Fagraskógarfjall í Hítardal	Hár grunnvatnsþrýstingur eftir langvarandi rigningar, óstöðugleiki í fornu berghlaupi	10–20